

Menntamálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 130/2180
komudagur 27.4.2004

Reykjavík 27. apríl 2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tónlistarsjóð.

Vegna bréfs menntamálanefndar frá 20. apríl s.l. þykir rétt að koma með eftirfarandi athugasemdir við framangreint frumvarp vegna Samtóns:

Eins og kemur fram í samþykktum Samtóns er tilgangur samtakanna að koma fram sameiginlega fyrir hönd íslenskra rétthafa að tónlist og vinna að sameiginlegum hagsmunum og styrkja stöðu höfunda, flytjenda, framleiðenda og annarra rétthafa að tónlist. Jafnframt að vinna að vernd og varðveislu tónlistar og réttinda, sem henni tengjast, og leita tækifæra til að efla og skapa sóknarfæri til handa rétthöfum tónlistar innan lands sem utan.

Efni frumvarpsins er því eitt af meginverkefnum þess samstarfsvettvangs sem Samtónn er fyrir tónlistina í landinu og því mikilvægt fyrir hagsmuni aðildarfélaga Samtóns að sem best verði að lagasetningu framangreinds frumvarps staðið.

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu (breytingar undirstrikaðar):

2. gr

Menntamálaráðherra skipar tónlistarráð til þriggja ára í senn. Í ráðinu skulu eiga sæti fimm fulltrúar. Samtónn tilnefnir þrjá, en tveir eru skipaðir án tilnefningar.....

Varðandi breytingartillögur í 2. grein er rétt að benda á að Samtónn er skipað fulltrúum frá þremur rétthafahópum innan tónlistarinnar þ.e. höfundum, flytjendum og framleiðendum. Mikið og gott samstarf hefur verið með þessum annars ólíku rétthafahópum innan vébanda Samtóns og byggist það m.a. á því að allir rétthafahópar eiga fulltrúa og geta tjáð sig um þau málefni sem til meðferðar eru hverju sinni. Ekki er að þessu leyti hægt að bera samsetningu tónlistargeirans saman við aðrar tegundir listgreina svo sem leiklistar og kvikmyndalistar.

Stjórn Samtóns telur jafnframt að grunnforsenda fyrir afgreiðslu frumvarpsins sé að nýtt fjármagn komi inn sem nýtist sem stórefldur stuðningur við tónlistina í landinu.

Virðingarfyllt,

F.h. stjórnar Samtóns

SAMTÓN

Eiðistorgi 17 – 170 Seltjarnarnesi – sími 5618065 – bréfsími 5618066